



STARFSHÓPURINN „AUSTFIRZK EINING“. Fundur nr. 8

Fundargerð:

Fundur var haldinn í starfshópnum „AUSTFIRZK EINING“ mánudaginn 15. ágúst 2011 á Hótel Bláfelli, Breiðdalsvík. Hófst kl. 09:00.

Fundinn sátu: Gauti Jóhannesson, Páll Baldursson, Jón Þórðarson, Stefán Bogi Sveinsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Bárður Jónasson og Vilhjálmur Jónsson. Jens Garðar Helgason boðaði forföll og mætti Valdimar O. Hermannsson í hans stað. Auk þess sat fundinn Björn Hafþór Guðmundsson, frkvstj. SSA, er ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

- 1. Sameininga- og samstarfsmál á dagskrá aðalf. SSA 30. sept. og 1. okt. 2011.**
BHG fór yfir helztu liði dagskrár komandi aðalfundar, en hún liggur fyrir í drögum. Meðal umfjöllunarefna, er falla undir verksvið AE (eða verkefni, sem hópurinn hefur „tekið upp á arma sína“ eru eftirtalin:
AL SAM AUST (Almenningssamgöngur á Austurlandi).
ÍSLAND 20 / 20; Sóknaráætlanir landshluta og fjárfestingaverkefni.
SAMEININGA- OG SAMSTARFSMÁL.
MENNTAMÁL; Tenging skólastiga og málefni framhaldsnáms í fjórðungnum.
- 2. Almenningsamgöngur (staða mála).**
Málið er enn á frumstigi hvað varðar aðkomu SSA og sveitarfélaganna á starfssvæðinu að því. Nú að afloknum sumarleyfum ætti að færast aukinn kraftur í málið og það er, eins og fram kemur í lið 1 hér að framan, á dagskrá næsta aðalfundar SSA
- 3. Fjárfestingaáætlun v/ fjárlaga 2012.** Farið yfir hlutverk SSA og sveitarfélaga.



Eyðublað-verkefnalýsing fyrir sóknaráætlun

SSA hefur borizt erindi úr fjármálaráðuneytinu (dags. 26. júlí 2011), auk sérstaks eyðublaðs, sem ætlað er til þess að koma á framfæri hugmyndum sveitarstjórna á starfssvæði SSA um fjárfestingaverkefni. Í erindinu kemur m.a. fram að fulltrúar ríkisvaldsins hafi á vormánuðum fundað með forsvarsmönnum LHSS (landshlutasamtaka sveitarfélaga), nema höfuðborgarsvæðisins og rætt sóknaráætlanir landshluta, sem er eitt af þeim verkefnum er falla undir hið stefnumarkandi skjal; Ísland 20 / 20.

Hlutaðeigandi LHSS er boðið upp á að senda inn þær tillögur að verkefnum í tilraunaútgáfu að sóknaráætlunum landshluta sem óskað er eftir að fái forgangsöröðun í fjárfestingaráætlun. Vitnað er til þess, eins og fram hafi komið á fundunum, að gert sé ráð fyrir **5 - 7 áherzluverkefnum** vegna fjárlaga fyrir árið 2012 sem samræmist áherslum Ísland 2020. (www.forsaetisraduneyti.is/2020).

Bent er á að áherzla verði lögð á verkefni sem þegar séu á fjárlögum t.d. fjármögnun einstakra verkefna af hálfu vaxtar- eða menningarsamninga. Jafnframt sé áherzla lögð á fjárfestingarverkefni, þ.e. verkefni, sem fela í sér stofnkostnað eða viðhald.

Tillögurnar eiga að berast fjármálaráðuneytinu, er mun leggja þær fyrir samráðshóp ráðuneyta, því næst fyrir ráðherranefnd um ríkisfjármál og síðan fyrir ríkisstjórn.

Aðgengi að umræddu eyðublaði er til staðar efst í lið 3 til að skýra málið betur, en fylla þarf sérstakt blað fyrir hvert og eitt verkefni og senda til fjármálaráðuneytsins



fyrir 9. september n.k. Skv. því var fyrirvarinn við móttöku erindisins í upphafi rétt rúmar 6 vikur, en er núna ríflega 3 vikur, þannig að vinna þarf hratt og vel.

Fram kom hjá BHG við umfjöllun um málið að strax við móttöku erindisins hefði það verið áframsent til hlutaðeigandi sveitarstjórna, en fremur lítið viðbrögð borizt enn (m.a. vegna yfirstandandi sumarleyfa). Hann minnti á samskipti sín við form. Fjórðungssambands Vestfirðinga, en þau munu að gefnu tilefni ætla að ganga frá sérstakri „varnaráætlun“, auk verkefna inni í sóknaráætlun. Til greina kæmi að SSA gerði slíkt hið sama.

AE óskar eftir því að frkvstj. SSA, að höfðu samráði við framkvæmdaráð SSA, sendi nú þegar hvatningu til sveitarfélaganna að þau komi á framfæri við stjórn SSA allt að 3 verkefnum, er falla undir framangreindar skilgreiningar. Tilvitnað ebl. verði nýtt í þessu sambandi. SKILAFRESTUR VERÐI 24. ÁGÚST, EN STJÓRN SSA MUN FUNDA DAGINN EFTIR, FIMMTUD. 25. ÁGÚST Á VOPNAFIRÐI. Ef með þarf verður haldinn aukafundur í stjórninni fyrir 9. sept. (að viðstöddum fulltr. frá þeim sveitarfélögum, sem ekki eiga mann í núverandi aðalstjórn SSA.

Auk þess var ákveðið að bóka stuðning við það að leitað verði til ÞFA (Þróunarfélags Austurlands) í vinnuferlinu, enda liggja fyrir fjármagn til að sinna verkefninu, eða ÞFA verði á annan hátt gert kleift að annast það.

- 4. Hugmyndir um svæðisskipulag fyrir starfssvæði SSA**, m.a. byggt á fyrirbyggjandi aðalskipulögum sveitarfélaganna, eða samræmingu þeirra, þar sem tekið yrði mið af áherzlum á sviði samgöngumála, áforma eða hugmynda um uppbyggingu atvinnusvæða og fjölmargra annarra þátta er varðað geta fjárfestingaáætlanir til lengri tíma lítið.

AE telur eðlilegt að fjallað verði um málið á næsta aðalfundi og eftir atvikum ályktað um framgang þess.

- 5. Ábendingar til stjórnar SSA um framlagningu tillagna fyrir aðalfund SSA um samstarfsverkefni / verkefni, er falla undir markmiðin, sem lágu að baki því að AE var komið á laggirnar.**

Um þennan dagskrárlið urðu allnokkrar umræður og m.a. hvort þörf væri á því að AE héldi áfram störfum sínum eftir næsta aðalfund. Bent var að starf hópsins hefði m.a. snúizt upp í það að vinna frekari skoðun á kostum og göllum á ákveðnum samstarfsverkefnum („málaflokkavinnu“). Auk þess hefði verið gengið frá skýrslunni Austurland – Austfirsk eining (Stöðuskýrsla og samantekt - júní 2011), en hún var unnin hjá Þróunarfélagi Austurlands (Ólafur Áki Ragnarsson). Verður hún til umfjöllunar á næsta aðalfundi SSA.

Annar mgl. væri að skipa eftir atvikum sérstaka starfshópa, sem hefðu skýrt umboð til að annast framkvæmd skilgreindra verkefna, sem stjórn eða aðalfundur feldu þeim að vinna að. Til greina kæmi einnig að verkefni eins og þau, sem AE hefði sinnt væru beint á borðum stjórnar SSA. Fram kom að einn af kostunum við starf og fundafyrirkomulag AE væri sá, að með því móti hefðu menn getað sett fram hreinskiptar skoðanir um ýmis samskipta- og samstarfsmál og á þann hátt hefði fjölmennari hópur sveitarstjórnarmanna átt þess kost að koma að umfjöllun mála og vinna þeim brautargengi, en ef slík mál hefðu átt að vera eingöngu á borði stjórnarinnar.

AE telur rétt að aðalfundur SSA ákveði um framhaldið og leggi línur um það á hvern hátt vinna eigi áfram að því að efla samstarf sveitarfélaga og svæða með það að markmiði að vinna að framgangi framfaramála í samræmi við samþykktir SSA.

Í ljósi framangreinds lítur AE svo á að þessi fundur, sem er hinn 8. í röðinni, verði hinn síðasti á þessu starfsári, en fundað hefur verið í öllum sveitarfélögum á starfssvæðinu. Auk góðra funda og opinna skoðanaskipta hafa þeir, sem í hópnum eiga sæti, átt þess kost að kynnast ákveðnum þáttum í mann- og atvinnulífi í mörgum byggðarlaganna og þar með sérstöðu þeirra.



6. **Menntamál. Undir þessum lið höfðu verið boðuð á fundinn um kl. 11:00 eftirtalin** (en mæting þeirra er skráð í sviga):

Fulltrúar framhaldsskólanna þriggja á starfssvæði SSA, (Mætt: Olga Lísu Garðarsdóttir skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands og Jón Björn Hákonarson, form. skólanefndar, Helgi Ómar Bragason, skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum og Ingunn Snædal, formaður skólanefndar. (Forsvarsmenn Handverks- og hússtjórnarskólans á Hallormsstað mættu ekki, en form. skólan., Sigrún Blöndal boðaði forföll): Forstöðumaður Skólaskrifstofu Austurlands, (mættur Sigurbjörn Marinósson). Formaður skólastjórafélags Austurlands, (mættur Stefán Már Guðmundsson). Forstöðumenn skóla- eða fræðsluviða tveggja stærstu sveitarfélaganna, (mætt Helga Guðmundsdóttir frá Fljótisdalshéraði og Þóroddur Helgason frá Fjarðabyggð).

Eftirtalin mál voru á dagskrá þessa hluta fundarins:

6.1. Tenging skólastiga.

Málið hefur áður verið til umfjöllunar á vettvangi AE. M.a. hefur verið um það rætt, að vísa því til skoðunar hjá stjórn Skólaskrifstofu Austurlands (SKA).

6.2. Skólamál; (rekstur skólastofnana á vegum sveitarfélaga og nýting framhaldsskóla á starfssvæði SSA)

Áður hefur komið fram, að rekstur grunn-, leik- og tónlistarskóla sé fjárfrekasti málaflokkur sérhvers sveitarfélags og að yfir helmingur af ráðstöfunarfé sveitarfélaga fari til fræðslumála. Einnig hefur verið rætt um „flóttu frá framhaldsskólastiginu á Austurlandi“ og hvernig tryggilega yrði unnið að því langtímamarkmiði að hér yrði til staðar skólakerfi, sem stæðist samanburð við önnur svæði.

Jón Þórðarson, form. AE bauð gesti fundarins velkoma og flutti síðan yfirgripsmikla framsögu um framangreint. (Hér vék VOH af fundi vegna annarra verkefna).

Að þessu búnu urðu mikil og góð skoðanaskipti þar sem flestir viðstaddir tóku til máls og nokkrir oftast en einu sinni. Mál manna verður þó ekki fært til bókar í fundargerð þessari, en niðurstaðan úr umræðunni varð sú, að nauðsynlegt væri að efla samstarf grunn- og framhaldsskólastigsins á starfssvæði SSA. Tók Sigurbjörn Marinósson að sér að kalla til sérstaks samráðsfundar framangreindra með það að markmiði að um viðvarandi samráð yrði að ræða og m.a. stuðlað að því að efla starfs- og námsráðgjöf frá og með 9. bekk í grunnskólum og námsframboð framhaldsskóla á svæðinu gert sýnilegra en nú er.

Eins og fram kemur undir lið 1 hér að framan verða þessi mál til umfjöllunar á næsta aðalfundi SSA, sem haldinn verður á Hallormsstað. Frkvstj. falið að sjá til þess að skólamenn fái boð um að mæta á aðalfundinn undir þeim dagskrárlið (líklega laugard. 1. okt. kl. 10:00).

7. **Önnur mál:**

Önnur mál engin.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 13:10. Bj. Hafþór Guðmundsson (fundarritari).